

með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags, kr. 356,00 í stimpilkostnað og kr. 20.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. október 1987.

Nr.323/1986.

Hólmadrangur hf.

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Sævari Rafni Jónassyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningar. Sjómenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 3. nóvember 1986 og skyldi málið þingfest 1. desember. Þann dag féll þingsókn niður af hálfu áfrýjanda og gekk útivistardómur samdægurs. Áfrýjandi skaut þá málinu á ný til Hæstaréttar með stefnu 8. desember samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ekkert er fram komið um að heimilt hafi verið að lögum að láta stefnda fara í launalaust leyfi 8. september 1984. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, enda deila aðilar hvorki um fjárhæð né vexti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 28.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Hólmadrangur hf., greiði stefnda, Sævari Rafni Jónassyni, 28.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómpings Strandasýslu 4. ágúst 1986.

Mál þetta, sem endurupptekið var og tekið til dóms 11. júlí sl., er höfðað fyrir aukadómpingi Strandasýslu með stefnu dags. 11. apríl 1985 en birtri 17. apríl s.á. Stefnandi er Sævar Rafn Jónasson sjómaður, nnr. 8839-2078, skráður til heimilis að Þingholti 25, Reykjavík. Stefndi er Hólmadrangur hf., nnr. 4257-5801, Hólmavík, Strandasýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 74.810,00 með 19% ársvöxtum frá 1.11. 1984 til 31.12. 1984, en með 32% ársvöxtum frá 1.1. 1985 til 31.1. 1985, en með 39% ársvöxtum frá 1.2. 1985 til 28.2. 1985 en með 4% vanskilavöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Loks er krafist sjóveðréttar í b.v. Hólmadrangi ST-70 fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Að sögn stefnanda eru málsatvik þau að hann hafi ráðist sem háseti á Hólmadrang ST-70, sem er skuttogari af minni gerð í eigu stefnda. Stefnandi hafi ráðið sig til skiprúms 24.6. 1984. Skipið hafi stundað togveiðar, en aflinn hafi verið fullunninn um borð. Stefnandi hafi starfað á skipinu fram til 8.9. 1984, en þegar hann var á leið til þess að taka langferðabifreið BSÍ í Reykjavík til Hólmavíkur þann 8.9. 1984 hitti hann stýrimann skipsins, Steinþór að nafni, sem hafi tjáð stefnanda að hann ætti að fara í launalaust leyfi. Stefnandi hafi mótmælt, enda sé það einungis á valdi viðkomandi skipverja að taka ákvörðun um slíkt. Skipstjóri skipsins, Hlöðver Haraldsson, hafi staðfest upplýsingar stýrimanns, en nokkru síðar hafi Þorsteinn Ingason fyrirsvarsmaður útgerðarinnar upplýst stefnanda um að honum bæri að líta á aðgerðir þessar sem fyrirvaralaus brottvikningu úr skiprúmi. Stefnandi hafi mótmælt þessu og talið sig hafa rétt til fullra launa fyrir veiðiferð þá sem hann var þvingaður til að taka frí í og síðan vikið úr starfi.

Málavextir að sögn stefnda eru þeir að stefnandi hafi starfað sem háseti á b.v. Hólmadrangi ST-70 eign stefnda. Hafi stefnandi verið skráður á togarann tímabilið 24.6. 1984 til 7.9. s.á., og farið 4 veiðiferðir. Hafi hann

starfað í tvo og hálfan mánuð án þess að hafa tekið sér frí á þessum tíma. Ekki hafi hann heldur ætlað að taka sér frí í fimmtu veiðiferðinni. Hver veiðiferð standi að jafnaði í 2-3 vikur. Í síðustu veiðiferðinni, þ.e. fjórðu, hafi stefnandi sýnt þess augljós merki að hann hafi verið orðinn langþreyttur og þar með hegðað sér undarlega. Hafi það verið mat Steinórs Guðmundssonar stýrimanns, sem gegndi stöðu skipstjóra í fjórðu veiðiferðinni, að nauðsynlegt væri fyrir stefnanda sjálfan og í raun aðra í áhöfn skipsins að stefnandi tæki sér frí. Ekki hafi þó Steinþór viljað taka slíka ákvörðun nema í beinu samráði við Hlöðver skipstjóra fyrst. Það hafi Steinþór gert er í land var komið þar sem hann vildi ekki tala um slíkt í talstöð. Hafi síðan verið ákveðið í framhaldi af þessu að fara þess á leit við stefnanda að hann tæki sér frí. Þeir hafi síðan reynt að ná í stefnanda en hafi ekki tekist.

Stefndi mótmælir því sem röngu að Þorsteinn Ingason útgerðarstjóri hafi sagt við stefnanda síðar að honum bæri að lita á þetta sem fyrirvaralaus uppsögn. Þá er mótmælt kröfu um kaup í næstu veiðiferð þ.e. veiðiferðina alla þar sem uppsagnarfrestur netamanns og annarra undirmanna sé 7 dagar.

Niðurstaða:

Ljóst er að stefnanda var fyrst tilkynnt um það daginn sem veiðiferðin átti að byrja og hann ætlaði að mæta um borð að hann ætti að fara í frí.

Það eru að vísu gefnar upp þær ástæður að hann hafi verið veikur en ekki hefur verið lagt fram læknisvottorð sem sannar slíkt. Því telst stefnanda hafa verið heimilt að lita á þetta sem fyrirvaralaus uppsögn og verður krafa hans tekin til greina þó að því breyttu að hann eigi einungis rétt á launum í 7 daga eða kr. 32.729,00. Stefnda ber því að greiða stefnanda kr. 32.729,00 með 19% ársvöxtum frá 1.11. 1984 til 31.12. 1984 en með 32% ársvöxtum frá 1.1. 1985 til 31.1. 1985 en með 39% ársvöxtum frá 1.2. 1985 til 28.2. 1985, með 4% vanskilavöxtum frá 28.2. 1985 til 1.6. 1985, með 3,5% drv. á mánuði frá 1.6. 1985 til 1.9. 1985, með 3,75% drv. á mánuði frá þeim degi til 1.3. 1986, með 2,75 drv. frá þeim tíma til 1.4. 1986, en með 2,25% drv. á mánuði frá þeim tíma til greiðsludags. Þá er staðfestur sjóveðréttur í Hólmadrangi ST-70 fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Málskostnaður ákveðst kr. 22.000,00.

Dóminn kvað upp Þorsteinn Pétursson, settur sýslumaður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hólmadrangur hf., greiði stefnanda, Sævari Rafni Jónsýni, kr. 32.729,00 með 19% ársvöxtum frá 1.1. 1984 til 31.12. 1984,

með 32% ársvöxtum frá 1.1. 1985 til 31.1. 1985, en með 39% ársvöxtum frá 1.2. 1985 til 28.2. 1985, með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.6. 1985, en með 3,5% drv. á mánuði frá 1.6. 1985 til 1.9. 1985, en 3,75% drv. á mánuði frá þeim tíma til 1.3. 1986, með 2,75% drv. á mánuði frá þeim tíma til 1.4. 1986, en með 2,25% drv. á mánuði frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 22.000,00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum. Þá er staðfestur sjóveðréttur í Hólmadrangi ST-70 fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Föstudaginn 23. október 1987.

Nr. 263/1986.

Ólafur Hermannsson og

Ragnheiður B. Brynjólfsdóttir

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

gegn

Stjórn verkamannabústaða

í Reykjavík

f.h. Reykjavíkurborgar

(Jón Þorsteinsson hrl.)

Uppgjör. Byggingasamvinnufélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. september 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 9. september s.á. samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Dómkröfur áfrýjenda eru þessar:

„Aðallega, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 629.765,00 ásamt 19% ársvöxtum frá 5. júní 1984 til 1. janúar 1985 og 32%“